

**Nd. 257. Frumvarp til laga [166. mál]**

um breyting á lögum um hreppstjóra nr. 32 26. apríl 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr. og skal þá sýslumaður leysa hann frá störfum. Ennfremur skal leysa hreppstjóra frá störfum, þegar hann er fullra 70 ára að aldri eða hann flyst brott úr hreppnum.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði og skulu þau greiðast mánaðarlega.

Launin skulu miðast við laun almennra lögreglumanna og úrskurðar fjármálaráðherra við hvaða launaflokk skuli miða á hverjum tíma. Launin ákveðast sem hundradshluti af viðmiðunarlaununum sem hér segir:

Í hreppum með 100 íbúa eða færri greiðast 6.5% launa.

Í hreppum með 101—200 íbúa greiðast 8.0% launa.

Í hreppum með 201—300 íbúa greiðast 9.5% launa.

Í hreppum með 301—400 íbúa greiðast 11% launa.

Í hreppum með 401—500 íbúa greiðast 12.5% launa.

Í hreppum með 501 og fleiri íbúa greiðast 14% launa.

Í hreppum þar sem verkefni hreppstjóra eru sérstaklega umfangsmikil eða þar sem þeim er gert að hafa opna skrifstofu tiltekinn tíma í viku hverri og hin föstu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns, að greiða hreppstjóra viðbótarlaun.

Auk launa skulu hreppstjórar fá greiddan útlagðan kostnað vegna hreppstjórastarfsins. Heimilt er fjármálaráðherra að ákveða að starfskostnaður reiknist sem ákveðið hlutfall af launum.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af hreppstjóra launum og um réttindi þeim tengd fer eftir reglum er fjármálaráðherra setur.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör, að undanskildum þeim atriðum sem fjármálaráðherra ber að ákveða, sbr. 7. og 8. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1983.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. um hámarksaldur skulu þeir hreppstjórar sem eru í starfi þegar lög þessi taka gildi og eru orðnir 70 ára eða verða 70 ára fyrir 30. júní 1984 gegna starfi til 30. júní 1984 nema þeir óski að láta af starfi fyrr.

Nú lætur hreppstjóri af starfi vegna aldurs, sbr. 1. gr., á tímabilinu 1. júlí 1983 til 30. júní 1984 og skulu honum engu að síður greidd laun til 30. júní 1984.

Nú ber hreppstjóra lægri laun eftir ákvæðum laga þessara en honum hefði borið eftir eldri lögum og skal hann þá halda launum eftir hinum eldri lögum til 30. júní 1984.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 18. nóvember 1980, fól dómsmálaráðherra þeim Þorleifi Pálssyni, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Rúnari Guðjónssyni, sýslumanni í Borgarnesi og Steingrími Pálssyni, lífeyrisskráritara, starfsmanni fjármálaráðuneytisins, að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra. Steingrímur Pálsson óskaði eftir því að vera leystur undan þessu verkefni vegna anna. Hann hefur þó veitt ýmsar gagnlegar upplýsingar og gefið ráð við úrlausn þessa verkefnis.

Gerð hefur verið allitarleg könnun á störfum hreppstjóra, sbr. álit ofangreindra manna er þeir hafa sent dómsmálaráðherra.

Lagt er til að gildandi lögum um hreppstjóra nr. 32 frá 26. apríl 1965 verði breytt.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru þessi: Hreppstjórum er gert að hlíta almennum reglum um starfsaldurshámark opinberra starfsmanna, þ. e. miðað verði við 70 ár. Reglum um útreikning á launum þeirra verði breytt á þann veg að laun ákveðist sem tiltekinn hundradshluti af launaflokki er fjármálaráðherra ákveður nánar. Launin miðast að nokkru við íbúatölu í viðkomandi hreppi líkt því sem nú er. Þó er sú meginbreyting gerð að hreppstjórar í hreppum með íbúa yfir 500 talsins fá sömu laun. Gert er ráð fyrir að greiða hreppstjórum, sem hafa umfangsmiklum störfum að gegna, viðbótarlaun umfram hin föstu, sem ákveðist af dómsmálaráðherra, að fenginni umsögn sýslumanns eftir áætluðu vinnumagni. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að fjármálaráðherra geti ákveðið að kostnaður sem hreppstjórar hafa af hreppstjórastarfinu greiðist með fastri fjárhæð er reiknast sem ákveðið hlutfall af launum. Loks er ákvæði um lífeyrisréttindi sem fjármálaráðherra er heimilað að setja nánari reglur um.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Hér er tekin upp sú regla að binda starfsaldur hreppstjóra við 70 ára aldursmarkið. Er það í samræmi við reglur er gilda almennt um ríkisstarfsmenn, sbr. 13. gr. laga nr. 38/1954.

Hreppstjórar eru 202 talsins. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið eru nú 46 hreppstjórar í starfi eldri en 70 ára en 6 eldri en 80 ára. Aldursmarkið er miðað við 1. júlí 1982.

#### Um 2. gr.

Lagt er til að hreppstjórar fái greidd laun mánaðarlega í stað þess að greiða þeim tvisvar á ári.

Núverandi ákvæði um ákvörðun launa hreppstjóra eru óheppileg einkum þar sem allar verð- og launabreytingar eru örar vegna verðbólgu. Hér er lagt til að laun hreppstjóra miðist við tiltekinn hundradshluta af launum almennra lögreglumanna samkvæmt launaflokki sem fjármálaráðherra ákveði nánar. Sé miðað við 12. l. fl. B.S.R.B. 3. þrep samsvara laun

hreppstjóra nú samanlagt 19,7 ársstöðugildum. Séu hins vegar laun reiknuð út eftir ákvæðum þessarar greinar og áfram miðað við 12. 1. fl. 3. þrep þá nema samanlögð laun 18,4 ársstöðugildum.

Í nokkrum hreppum eru störf hreppstjóra talsvert umfangsmeiri en almennt er. Eru ýmis verkefni ákvarðandi um það svo sem lögskráning, löggæsla í einstaka tilfellum og ýmis umboðsstörf fyrir sýslumenn. Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir að hreppstjórar geti fengið greidd viðbótarlaun. Gert er ráð fyrir að þau ákveðist fyrirfram af dómsmálaráðuneytinu, að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanns, í samræmi við þau verkefni er hreppstjóra er ætlað að sinna. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að hreppstjórar hafi fastan viðverutíma á skrifstofu. Gert er þó ráð fyrir að svo geti verið í einstaka tilfalli.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti ákveðið að greiða hreppstjórum fastan starfskostnað. Ákveðist hann sem hlutfall af launum. Getur þetta verið til hagræðis, þar sem oft er erfitt að meta útlagðan kostnað, svo sem símakostnað, þar sem um sjálfvirkan síma er að ræða, skrifstofukostnað o. fl.

Um 3. gr.

Núverandi ákvæði 8. gr. laga um hreppstjóra fellur brott. Þess í stað kemur ákvæði um greiðslu lífeyrisiðgjalda af hreppstjórалаunum og réttindum þeim tengdum.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji um þetta reglur.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara ákvæðum 10. gr. nógildandi laga.

#### **Um ákvæði til bráðabirgða.**

Lagt er til að umræddar breytingar hafi eins árs aðlögunartíma.

### **Fylgiskjal.**

#### **Álit starfshóps er falið var að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra.**

##### **1. Inngangur.**

Með bréfi dags. 18. nóvember 1980 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp er var falið það verkefni að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra.

Í starfshópinn voru skipaðir Þorleifur Pálsson deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem er formaður, Rúnar Guðjónsson sýslumaður í Borgarnesi og Steingrímur Pálsson lífeyrisskráritari, starfsmaður fjármálaráðuneytisins. Vegna anna óskaði Steingrímur Pálsson eftir því að vera leystur frá störfum í nefndinni og stendur hann því eigi að álit þessu. Þrátt fyrir það hefur hann veitt ýmsar gagnlegar upplýsingar og gefið ráð.

Haldnir hafa verið allmargir fundir og aflað hefur verið ýmissa gagna. Athuguð hafa verið gildandi lög um hreppstjóra með tilliti til hugsanlegra breytinga á þeim. Könnuð hafa verið gildandi lög þar sem hreppstjóri hefur einhverjum lagaskyldum að gegna. Öllum sýslumönnum var sent bréf ásamt spurningalista, þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum um störf hreppstjóra í viðkomandi umdæmi.

Rétt er að geta um þingsályktunartillögu er samþykkt var á Alþingi 1977. Ályktunin hljóðar þannig: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglur um launakjör hreppstjóra.“

Í greinargerð með tillögunni, svo og í umræðum er áttu sér stað um hana, eru störf hreppstjóra talin mjög breytileg eftir aðstæðum í hverjum hreppi. Á suma hreppstjóra

leggist þyngri störf en aðra og ráði þar ekki alltaf íbúafjöldi. Laun hreppstjóra miðast samkvæmt gildandi reglum alfarið við íbúafjölda. Í greinargerðinni segir m. a.: „Það virðist óeðlilegt að lögð sé vinnuskylda á þessa aðila frekar en aðra þegna þjóðfélgsins án þess að þeir fái einhver lágmarkslaun miðað við þann vinnutíma sem þeir verja til starfsins.“

Hér á eftir verður gerð grein fyrir upplýsingum er starfshópurinn hefur aflað og settar fram tillögur m. a. í frumvarpsformi.

## **2. Sögulegt yfirlit.**

Samkvæmt Jónsbók áttu hreppstjórnarmenn að vera fimm í hverjum hreppi, kjörnir af hreppsþendum. Við hreppstjórnarmenn Jónsbókar festist síðan heitið hreppstjóri.

Talið er að sýslumenn konungs hafi fljótlega fengið hreppstjóra til að annast fyrir sig ýmis löggæslustörf og eru þeim jafnframt falin margvísleg störf í þágu landstjórnarinnar. Er fram líða stundir munu sýslumenn hafa talið sig vera yfirboðara hreppstjóra, jafnframt vex íhlutun sýslumanna um ráðningu þeirra.

Með konungsráðgjafi 21. júlí 1808 voru hreppstjórnarmenn gerðir að stjórnskipuðum sýslunarmönnum ríkisins enda tók ríkið þá sveitarstjórnarmál í sínar hendur. Hreppstjórnarmenn var þá fækkað. Í hreppum með íbúum undir 400 átti aðeins að vera einn hreppstjóri, en í stærri hreppum skyldu vera tveir. Amtmenn skipuðu hreppstjóra samkvæmt hreppstjórnareglugerð frá 1809.

Á skipan sveitarstjórnarmála verður algjör breyting með tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872.

Samkvæmt sveitarstjórnartilskipuninni var sveitarstjórnin falin kjörnum hreppsnefndum, sýslunefndum og amtsráði.

Á hreppstjórnastarfinu verður sú meginbreyting að hreppstjórn er eingöngu ætlað að fara með störf á vettvangi stjórnsýslu ríkisins.

Í reglugerð um hreppstjóra frá 29. apríl 1880 er ítarlega greint frá störfum og starfskyldum hreppstjóra.

Samkvæmt reglugerðinni er hreppstjóri umboðsmaður sýslumanns bæði gagnvart hreppsnefndinni og gagnvart almenningi. Hreppstjóri er löggæslumaður. Hann getur framkvæmt ýmsar réttargerðir að boði sýslumanns svo sem gert lögtak, annast ýmsar uppskriftargerðir og haldið uppboð á lausafé. Honum ber að framkvæma ýmsar úttektir og skoðunargerðir á jörðum, húsum og lausafé. Hreppstjóra bar að semja ýmsar skýrslur fyrir sýslumann.

Frá því reglugerðin frá 1880 var sett og fram til þessa tíma hafa störf hreppstjóra að ýmsu leyti breyst vegna breyttrar löggjafar og breyttra þjóðfélagshátta. Hér verður ekki farið nánar út í að rekja í hverju þessar breytingar eru fólgnar.

Heildarákvæði um störf hreppstjóra voru sett með lögum nr. 32 frá 26. apríl 1965. Samkvæmt ákvæðum laganna var gert ráð fyrir að sett yrði reglugerð er kvæði nánar á um störf og kjör hreppstjóra. Reglugerð þessi hefur ekki verið sett.

## **3. Yfirlit yfir lagaákvæði um störf hreppstjóra.**

Í lögum um hreppstjóra nr. 32/1965 segir svo í 6. gr.: „Hreppstjórnarmenn eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda, fógættagerðir og fleiri störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum og reglugerðum.“

Í ýmsum lögum er að finna ákvæði, sem kveða á um tiltekna og margvíslegar starfskyldur hreppstjóra. Fer hér á eftir skrá yfir lög þessi, þótt þau séu ekki tæmandi talin. Löggin eru sett upp í flokka eftir því hvers konar hlutverki hreppstjóra er ætlað að gegna.

### I. Löggæsla

Lög nr. 10/1958	Farsóttalög.
Lög nr. 34/1954	Sóttvarnarlög.
Lög nr. 3/1898	um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum o. fl.
Lög nr. 55/1966	um brunavarnir og brunamál.
Lög nr. 8/1966	um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
Lög nr. 25/1965	um útgáfu og notkun nafnskirteina.
Lög nr. 42/1913	um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
Lög nr. 9/1896	um viðauka við breyting á lögum 14. jan. 1886.
Lög nr. 42/1969	um afréttamálefni, fjallskil o. fl.
Lög nr. 17/1965	um landgræðslu.
Lög nr. 31/1973	Búfjárræktarlög.
Lög nr. 22/1977	um sauðfjárbaðanir.
Lög nr. 23/1956	um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma o. fl.
Lög nr. 25/1923	um berklaveiki í nautpeningi.
Lög nr. 33/1922	um rétt til fiskveiða í landhelgi.
Lög frá 1758	Konungsbréf til stiftamtmanns og amtmanns um fiskiútveg á Íslandi.
Lög nr. 13/1924	um mælitæki og vogaráhöld.
Lög nr. 1/1925	Tilskipun um mælitæki og vogaráhöld.
Lög nr. 42/1926	um skipströnd og vogrek.
Lög nr. 23/1911	um vita, sjómerki o. fl.
Lög nr. 35/1953	um bæjanöfn o. fl.
Lög nr. 82/1969	Áfengislög.
Lög nr. 74/1974	um meðferð opinberra mála.

### II. Ýmis umboðsstörf

Lög nr. 30/1913	um umboð þjóðjarða.
Lög nr. 40/1978	um tekjuskatt og eignarskatt.
Lög nr. 46/1907	um laun sóknarpresta.
Lög nr. 7/1953	um hundahald og varnir gegn sullaveiki.
Lög nr. 65/1976	Jarðalög.
Lög nr. 3/1955	um skógrækt.
Lög nr. 12/1922	um verslunarskýrslur.
Lög nr. 60/1907	um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

### III. Notarialgerðir

Lög nr. 93/1933	Víxillög.
Lög nr. 94/1933	Tékkalög.

### IV. Réttargerðir

Lög nr. 29/1885	um lögtak og fjárnám án undangengins dóms.
Lög nr. 18/1949	um kyrrsetningu og lögbann.
Lög nr. 57/1949	um nauðungaruppboð.
Lög nr. 3/1878	um skipti á dánarbúum og félagsbúum.

## V. Mat og úttektir

Lög nr. 64/1976	Ábúðarlög.
Lög nr. 65/1976	Jarðalög.
Lög nr. 10/1965	Girðingarlög.
Lög nr. 15/1923	Vatnalög.
Lög nr. 46/1941	Landskiptalög.

## VI. Ýmislegt

Lög nr. 52/1959	um kosningar til Alþingis.
Lög nr. 58/1961	Sveitarstjórnarlög.
Lög nr. 63/1961	um lögskráningu sjómanna.
Lög nr. 52/1970	um eftirlit með skipum.
Lög nr. 94/1976	um fasteignamat og fasteignaskráningu.
Lög nr. 41/1919	um landamerki o. fl.

### Upplýsingar sýslumanna um störf hreppstjóra.

Starfshópsinn sendi öllum sýslumönnum landsins svofellt bréf dags. 7. október 1981 ásamt spurningalista.

Til allra sýslumanna landsins.

Dómsmálaráðherra hefur skipað þrjá menn til þess að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan starfa hreppstjóra, þá Þorleif Pálsson, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem er formaður starfshópsins, Rúnar Guðjónsson, sýslumann í Borgarnesi og Steingrím Pálsson, starfsmann fjármálaráðuneytisins.

Starfshópurinn telur æskilegt að fá sem gleggstar upplýsingar um störf hreppstjóra og sendir yður því hér með spurningalista varðandi störf hreppstjóra, jafnframt því sem leitað er eftir tillögum yðar að breytingu á gildandi reglum um hreppstjóra.

Þess er óskað að svar verði sent Þorleifi Pálssyni, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir 25. október n. k.

### Spurningar til sýslumanna um störf hreppstjóra.

#### I.

Lýsið störfum hreppstjóra í umdæmi yðar í samræmi við eftirfarandi sundurliðun:

1. Löggæsla.
2. Lögskráning sjómanna.
3. Fógetagerðir (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
4. Uppboð (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
5. Uppskriftar- og virðingargerðir dánarbúa. (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
6. Afsagnir víxla og tékka. (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
7. Úttektargerðir. (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
8. Innheimta gjalda til ríkissjóðs.
9. Störf fyrir umboð Tryggingastofnunar ríkisins.
10. Störf í þágu sýslusamlags.
11. Ýmis önnur störf.

#### II.

Tilgreinið sérstaklega þá hreppa þar sem hreppstjórar hafa umfangsmiklum störfum að sinna og greinið frá því hvaða störf vega þungst á hverjum stað.

#### III.

Hafa orðið breytingar á störfum hreppstjóra í umdæmi yðar á síðastliðnum árum?

#### IV.

Eru hreppstjórum greidd laun umfram þau föstu?

#### V.

Hver er kostnaður vegna hreppstjóra í yðar umdæmi að öðru leyti?

#### VI.

Teljið þér ástæðu til að breyta reglum hreppstjóra? Ef svo er, þá er þess óskað, að þér setjið fram ábendingar þar um.

#### Svör sýslumanna.

Svör við þeim spurningum, sem frá er greint hér að framan, bárust frá 10 sýslumönnum.

Hið helsta, sem fram kom í svörum þeirra, fer hér á eftir og í þeirri röð sem spurningarnar voru fram bornar.

#### I.

1. Löggæslustörf hreppstjóra eru víðast hvar mjög lítil nú orðið. Helst munu þau tengd búfjárhaldi, t. d. vegna ágangs búfjár, meðferð óskilafjár o. s. frv. Þó er almenn löggæsla falin hreppstjórum á einstaka stað, þar sem langur vegur er til lögreglustöðvar eða byggðir eru mjög afskekktar, eins og t. d. í Grímsey. Einnig er hreppstjórum víða í kaupúnum falin löggæsla, þar sem eigi starfa fastir lögreglumenn.
2. Lögskráning sjómanna fer víðast hvar fram á sýsluskrifstofum. Þó hafa hreppstjórar hana á hendi í þeim hreppum, þar sem útgerð er stunduð, og fjarri eru skrifstofu sýslumanns. Þó má geta þess, að á örfáum stöðum hafa verið ráðnir sérstakir menn til að annast þetta starf.
3. Nær óþekkt er að hreppstjórar annist fógetagerðir.
4. Hreppstjórar framkvæma ekki mörg uppboð. Þó mun víða tíðkast, að þeir selji við uppboð óskilafénað.
5. Hreppstjórar framkvæma víða uppskriftar- og virðingargerðir dánarbúa.
6. Hreppstjórar framkvæma allvíða víxilafsagnir í hreppum, þar sem bankar eru, en ekki sýsluskrifstofa.
7. Hreppstjórar framkvæma almennar úttektargerðir eftir þörfum.
8. Mjög er það misjafnt, hversu víðtæk og mikil innheimtustörf hreppstjórar hafa með höndum. Í sumum hreppum, sem fjarri eru sýsluskrifstofu, eru innheimtustörf hreppstjóra veruleg, þar innheimta þeir m. a. þinggjöld. Algengara er þó að hreppstjórar annist innheimtu ýmissa smærri gjalda, t. d. afgjalda ríkisjarða. Enda þótt margir hreppstjórar annist ekki mikil innheimtustörf, veita þeir oft veigamiklar upplýsingar um hagi gjaldenda og dvalarstaði sakir staðkunnáttu sinnar.
9. Hreppstjórar hafa á nokkrum stöðum innt af höndum störf í þágu umboða Tryggingastofnunar ríkisins. Með tilkomu nýrrar tilhögunar við útborgun bóta, þ. e. tölvuvæðingar og greiðslu beint inn á bankareikninga bótaþega, má telja víst, að þessi störf hreppstjóra nær hverfi.
10. Hreppstjórar hafa lítil afskipti af málefnum sýslusamlaganna. Á stöku stað eru þeir þó milligöngumenn um sendingu reikninga.
11. Hreppstjórar veita margs konar upplýsingar bæði sveitungum sínum og sýslumanni (sýsluskrifstofu). Þeir eru gjarnan tengiliðir milli fólksins og sýsluskrifstofunnar. Þeir gefa út vottorð í einstökum efnum, aðstoða við skráningu bifreiða og dráttarvéla og fleira þess háttar. Að lokum ber að nefna þann starfa hreppstjóra, sem ekki er hvað þýðingarminnstur, en það eru störf þeirra í alþingiskosningum. Hreppstjórar eru lögskipaðir formenn kjörstjórna við alþingiskosningar og eru kjörstjórar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu við allar almennar kosningar (til alþingis og sveitarstjórna).

## II.

Svör við þessari spurningu hafa borist frá öllum sýslumönnum, en haft var símasamband við þá, sem ekki sendu skrifleg svör. Með því að eigi er til algilt mat á því hvað telja skuli umfangsmikil störf hreppstjóra, má búast við því að sýslumenn hafi lagt mismunandi vægi á þetta atriði.

Áður en hreppar þeir, sem sýslumenn nefndu til, verða taldir upp, er rétt að geta þeirra ályktana, sem helstar má draga af svörunum um umfang og breytileik hreppstjórarstarfanna í þessum sömu hreppum.

- a) Í kaupúnahreppum við sjávarsíðuna annast hreppstjórar að jafnaði lögskráningu sjómanna, nema þar sem sérstakir lögskráningarstjórar eru ráðnir. Þeir annast löggæslustörf, þar sem fastráðnir lögreglumenn eru ekki. Einnig annast þeir ýmis umboðsstörf fyrir sýslumenn í þeim hreppum, sem fjarri eru aðsetri sýslumanns, þ. á m. innheimtustörf og störf fyrir almannatryggingaumboðin.
  - b) Í öðrum kaupúnahreppum annast hreppstjórar sömu störf og að ofan getur, nema að sjálfstöðu ekki lögskráningu sjómanna.
  - c) Í dreifbýlishreppum (sveitahreppum) annast hreppstjórar einkum löggæslustörf, innheimtustörf og störf fyrir almannatryggingaumboðin svo og ýmsa fyrirgreiðslu. Nú verða taldir upp þeir hreppar, sem hér um ræðir.
1. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:
    - a) Neshreppur utan Ennis.
    - b) Ólafsvíkurhreppur.
    - c) Eyrarsveit (Grundarfjörður).
  2. Barðastrandarsýslur:
    - a) Geiradalshreppur.
    - b) Reykhólahreppur.
    - c) Suðurfjarðahreppur (Bíldudalur).
  3. Ísafjarðarsýslur:
    - a) Þingeyrarhreppur.
    - b) Flateyrarhreppur.
    - c) Suðureyrarhreppur.
    - d) Súðavíkurhreppur.
  4. Strandasýsla:
    - a) Árneshreppur.
    - b) Hólmavíkurhreppur.
    - c) Óspakseyrarhreppur.
    - d) Bæjarhreppur.
  5. Húnavatnssýslur:
    - a) Hvammstangahreppur.
    - b) Höfðahreppur (Skagaströnd).
  6. Skagafjarðarsýsla:
    - a) Hofsóshreppur.
  7. Eyjafjarðarsýsla:
    - a) Hríseyjarhreppur.
    - b) Grímseyjarhreppur.

8. Þingeyjarsýslur:
  - a) Grýtubakkahreppur (Grenivík).
  - b) Skútustaðahreppur (Mývatnssveit).
  - c) Presthólahreppur (Kópasker).
  - d) Raufarhafnarhreppur.
  - e) Þórshafnarhreppur.
  
9. Norður-Múlasýsla:
  - a) Vopnafjarðarhreppur.
  - b) Skeggjastaðahreppur (Bakkafjörður).
  - c) Borgarfjarðarhreppur.
  
10. Suður-Múlasýsla:
  - a) Reyðarfjarðarhreppur.
  - b) Búðahreppur (Fáskrúðsfjörður).
  - c) Stöðvarhreppur.
  - d) Breiðdalshreppur.
  - e) Búlandshreppur (Djúpivogur).
  - f) Egilsstaðahreppur.
  
11. Vestur-Skaftafellssýsla:
  - a) Hörgslandshreppur.
  - b) Kirkjubæjarhreppur.

### III.

Sýslumenn telja ekki hafa orðið stórvægilegar breytingar á störfum hreppstjóra hin síðustu ár eða jafnvel allt frá því, að lögum um tekju- og eignarskatt var breytt á þann hátt, að skattanefndir í hreppum voru lagðar niður og stærri skattaumdæmi tekin upp, en hreppstjórar höfðu verið formenn skattanefnda. Í svörum sumra sýslumanna kemur þó fram, að störf hreppstjóra fari yfirleitt minnkandi. Þeim hreppstjórum fari fækkandi, sem hafi veruleg innheimtustörf á hendi, og einnig hafi breytt tilhögun á útborgun bóta almannatrygginga leyst þá alfarið undan þeim starfsþætti. Hins vegar hafa störf hreppstjóra aukist með auknum íbúafjölda og auknum umsvifum almennt, þar sem hreppstjórar hafa á annað borð veruleg störf með höndum, sbr. svör við II. spurningu hér að framan.

### IV.

Hreppstjórar fá yfirleitt ekki greidd laun umfram þau föstu. Þó er til að hreppstjórar hafi fengið aukagreiðslur hjá einstaka sýslumönnum, ýmist fyrir sérstök verkefni eða sérlega umfangsmikil störf. Einn sýslumaður kveðst hafa látið lögskráningargjöld og gjöld fyrir endurrit ganga til viðkomandi hreppstjóra.

### V.

Kostnaður vegna hreppstjóra, annar en launakostnaður, er víðast hvar óverulegur og í sumum sýslum enginn. Hreppstjórar fá þó yfirleitt greiddan útlagðan kostnað vegna pósts og síma og kaupa á ritföngum, allt í þágu starfsins. Nokkrir sýslumenn hafa vakið athygli undirritaðra á því, hversu erfitt er að meta endurgreiðslu símakostnaðar til hreppstjóra eftir tilkomu sjálfvirka símans.

## VI.

Svör sýslumanna við þessari spurningu voru ærið misjöfn. Sameiginlegt álit þeirra flestra var þó, að ekki bæri að leggja niður hreppstjórastöðuna, enda væru hreppstjórar mikilsverðir sýslumönnum í starfi þeirra. Einn sýslumaður og raunar sá elsti komst svo að orði, að hreppstjórar væru „augu sýslumanns og eyru um margt, sem honum væri nauðsynlegt að vita, en mundi vera ókunnugt of lengi án þeirra.“ Þessi sami sýslumaður taldi, að þótt hreppstjórum væri t. d. ekki lengur ætlað einum að sjá um löggæslu á mannafótum, væri bæði lögreglustjóra og fastalögreglumönnum hans mikill styrkur í því — í sambandi við rannsókn mála — að eiga aðgang að trúnaðarmönnum, sem væru staðkunnugir, þekktu skyldur sínar og væri það metnaðarmál að rækja þær. Einn sýslumaður, raunar sá yngsti, taldi hins vegar, að með breyttum samgöngum og breyttri þjóðfélagskipan, væri tími hreppstjóranna að líða undir lok.

Í máli sýslumanna kom fram, að breyta þyrfti ákvæðum um hámarksstarfsaldur hreppstjóra, til samræmis við reglur um aðra opinbera starfsmenn. Þá þyrfti að breyta reglum um launakjör þeirra, þannig að launin fari eftir umfangi starfanna, en ekki íbúafjölda alfarið eins og nú er. Setja þyrfti reglur um endurgreiðslur kostnaðar vegna starfa hreppstjóra og loks væri nauðsynlegt að skilgreina starfsskyldur þeirra.

### 5. Núverandi laun hreppstjóra.

Samkvæmt 7. gr. laga um hreppstjóra nr. 32/1965 eru laun hreppstjóra þannig ákveðin: „Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7 500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8 400 kr. o. s. frv., þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa.“ Hér er að sjálfsögðu átt við gamlar krónur.

Samkvæmt heimild í 8. gr. nefndra laga er fjármálaráðherra heimilt að breyta launum hreppstjóra til samræmis við almennar breytingar er verða á launum starfsmanna ríkisins.

Við ákvörðun launa hreppstjóra hefur verið miðað við ofangreindar fjárhæðir að viðbættum launahækkunum sem orðið hafa síðan lögin voru samþykkt. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins hafa breytingar á launum hreppstjóra verið miðaðar við launabreytingar hjá ákveðnum starfshópum. Fyrst var miðað við starfsheitið „sýsluskrifari“ en síðan miðað við starfsheitið „lögreglumadur I“.

Frá 1. júlí 1977 hefur starfsheitinu lögreglumadur I verið raðað í 11. l. fl. og að viðbættum einum launaflokki vegna 15 ára starfsaldurs, þ. e. 12. l. fl. Breytingar á launum hreppstjóra hafa þannig verið miðaðar við breytingar á 12. l. fl. 3. þrepi.

Launin eru greidd tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Launin eru miðuð við vegið meðaltal næstliðinna 6 mánaða.

Í töflu hér á eftir er gerð grein fyrir útreikningi á launum hreppstjóra.

Íbúatala hrepps	Fjöldi hreppa miðað við 1. júlí 1980	Launin reiknuð sem hundraðshluti af mánaðarlaunum skv. 12. l. fl. 3. þrepi (3 aukastafir)	Hundraðshluti af ársstöðugildi (1 = ársstöðugildi)
1. 001—100 .....	49	6,500	49 × 6,500 = 318,5
2. 101—150 .....	44	7,284	44 × 7,284 = 320,5
3. 151—200 .....	27	8,066	27 × 8,066 = 217,8
4. 201—250 .....	11	8,834	11 × 8,834 = 97,2
5. 251—300 .....	19	9,616	19 × 9,616 = 182,7
6. 301—350 .....	10	10,400	10 × 10,400 = 104,0
7. 351—400 .....	5	11,183	5 × 11,183 = 55,9
8. 401—450 .....	3	11,966	3 × 11,966 = 35,9
9. 451—500 .....	7	12,750	7 × 12,750 = 89,3

10.	501—550	3	13,516	3 × 13,516 =	40,5
11.	551—600	4	14,300	4 × 14,300 =	57,2
12.	601—650	2	15,083	2 × 15,083 =	30,2
13.	650—700	0	15,866		
14.	701—750	3	16,650	3 × 16,650 =	50,0
15.	751—800	2	17,416	2 × 17,416 =	34,8
16.	801—850	0	18,200		
17.	851—900	0	18,983		
18.	901—950	3	19,767	3 × 19,767 =	59,3
19.	951—1000	0	20,617		
20.	1001—1050	1	21,250	1 × 21,250 =	21,3
21.	1051—1100	0	22,100		
22.	1101—1150	2	22,834	2 × 22,834 =	45,7
23.	1151—1200	1	23,667	1 × 23,667 =	23,7
24.	1201—1250	1	24,450	1 × 24,450 =	24,5
25.	1251—1300	1	25,233	1 × 25,233 =	25,2
26.	1301—1350	1	26,017	1 × 26,017 =	26,0
27.	1351—1400	0	26,800		
28.	1401—1450	0	27,583		
29.	1451—1500	1	28,367	1 × 28,367 =	28,4
30.	1501—1550	0	29,150		
31.	1551—1600	0	29,933		
32.	1601—1650	1	30,716	1 × 30,716 =	30,7
33.	1651—1700	0	31,500		
34.	2901—2950	1	51,933	1 × 51,933 =	51,9

Alls 1.971,2 =  
19,7 ársstöðugildi

Heildarlaun hreppstjóra á landinu nema 19,7 ársstöðugildum skv. 12. l. fl. 3. þrepi. Hreppar landsins eru 202 talsins. Meðaltalslaun hreppstjóra nema því 9,8% af launum skv. 12. l. fl. 3. þrepi.

#### 6. Álit starfshópsins.

Á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem starfshópurinn hefur aflað og rakið hefur verið hér að framan, hefur hann reynt að gera sér sem gleggsta grein fyrir þeim meginatriðum, sem að störfum hans lúta samkvæmt skipunarbréfi, og skal nú á þau dregið.

#### *Gildi hreppstjórastarfsins.*

Starfshópurinn hefur talið sér skylt að leita svara við þeirri spurningu, hvort nauðsynlegt sé að viðhalda þeirri skipan, sem nú er á, að hafa hreppstjóra í hverjum hreppi landsins, eða hvort hreppstjóra sé yfirleitt þörf eins og nú er háttað. Ljóst er að störf hreppstjóra hafa dregist saman að ýmsu leyti. Ýmis verkefni hreppstjóra eru fyrirferðarminni nú en þau voru fyrir einum til tveimur áratugum síðan, hvað þá ef litið er lengra aftur í tímann. Ýmsar skýrslugerðir er hreppstjórum var áður skylt að gera og senda sýslumönnum eru ekki lengur í verkahring þeirra. Löggæslustörf hafa minnkað með fjölgun fastra löggæslumanna við sýslumannasembættin og víða eru þau engin. Innheimtustörf hreppstjóra fara víðast hvar minnkandi með breyttri tilhögun innheimtunnar (mánaðargreiðslur o. fl.). Umboðsstörf fyrir umboð almannatrygginga munu leggjast af með breyttri tilhögun þess kerfis. Sjálfsagt er og að nefna að samgöngur hafa stórbatnað og þjóðfélagsmyndin er öll önnur en áður var.

Þrátt fyrir þetta, sem hér hefur verið nefnt, telja undirritaðir alls ekki fært að mæla með því að hreppstjórastarfið verði lagt niður.

Má fyrst til nefna sögulegar ástæður og þá virðingu, sem starf hreppstjóra nýtur. Í öðru lagi hafa hreppstjórar enn umfangsmikil störf með höndum í allmörgum hreppum landsins. Í þriðja lagi eru hreppstjórum falin mörg verkefni og margvísleg í hinum ýmsu lögum og verður eigi séð að þau verði með auðveldum hætti falin öðrum a. m. k. sum hver. Í fjórða lagi eru hreppstjórar afar þýðingarmiklir umboðsmenn sýslumanna fyrir margra hluta sakir, enda hafa hvarvetna valist til hreppstjórastarfa sómamenn, sem hafa kappkostað og lagt metnað sinn í að rækja hreppstjóraskyldur sínar.

#### *Starfsaldur.*

Samkvæmt núgildandi lögum um hreppstjóra eru engin ákvæði um starfsaldurshámark. Er það undantekning frá þeirri almennu reglu, sem mörkuð er í 13. gr. laga nr. 38 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að starfsaldur opinberra starfsmanna miðist við 70 ára aldursmarkið.

Undirritaðir sjá ekki ástæðu til að hafa sérreglur um hreppstjóra og leggja því til að starfsaldur þeirra miðist við 70 ár.

Gerð hefur verið könnun á aldri hreppstjóra og er niðurstaðan þessi:

Aldur hreppstjóra	Fjöldi hreppstjóra í hreppum með 500 íbúa eða færri	Fjöldi hreppstjóra í hreppum með fleiri en 500 íbúa
Innan við 50 ár	50	4
Milli 50—60 ára	54	6
Milli 60—70 ára	44	8
Milli 70—80 ára	33	7
Yfir 80 ára	4	2

#### *Launakjör.*

Miðað við að störf hreppstjóra hafa frekar farið minnkandi er ekki ástæða til að hækka laun hreppstjóra almennt. Í nokkrum stærstu hreppunum eru störf hreppstjóra minni en í mörgum hinum fámennari. Það er því eigi réttlátt að laun miðist alfarið við íbúafjölda hrepps.

Í nokkrum hreppum hafa hreppstjórar það miklum störfum að gegna að núverandi laun eru bersýnilega of lág.

Lagt er til að almenn laun hreppstjóra taki mið af íbúafjölda viðkomandi hrepps með eftirgreindum hætti:

Lágmarkslaun miðist við 100 íbúa í hreppi og fari stighækkandi við hvert eitt hundrad sem bætist við íbúatölu allt að 500. Laun hreppstjóra í fjölmennari hreppum hækki ekki úr því.

Að viðbættum þessum almennu launum er lagt til að hreppstjórum sem hafa umfangsmiklum störfum að gegna og þar sem hin almennu hreppstjóra laun hrökkva bersýnilega ekki til þess að greiða vinnuframlag þeirra, verði greidd vinnulaun til viðbótar. Verði viðbótarlaunin ákveðin fyrirfram miðað við áætlaðan vinnustundafjölda sem hreppstjóra er ætlað að skila umfram eðlilega vinnuskyldu miðað við hin almennu laun þeirra.

Í 5. kafla hér að framan er greint frá svörum sýslumanna við þeirri spurningu hvar hreppstjórar hafi umfangsmiklum störfum að gegna. Ekki er hér lagt neitt heildarmat á svör þessi eða tekin afstaða til þess hvaða hreppstjórum skuli greiða viðbótarlaun. Það verður að metast hverju sinni eftir aðstæðum.

Lagt er til að hreppstjórar fái laun greidd mánaðarlega. Sé miðað við að hreppstjórar fái greidd laun í samræmi við tillögur hér að framan, yrði niðurstaðan sú að heildarlaun hreppstjóra nemi 18,4 stöðugildum.

#### *Lífeyrisréttindi.*

Á hinum síðari árum hefur orðið stórfelld breyting á tækifærum fólks til þess að afla sér lífeyrissjóðsréttinda með rýmkuðum lagaskilyrðum um öflun slíkra réttinda. Með nýskipan kjaramála hreppstjóra er óeðlilegt að leita ekki eftir leiðum fyrir þá til kaupa á lífeyrissjóðsréttindum að því marki, sem unnt er fyrir slíkt hlutastarf, og er því lagt til að svo verði gert. Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til þess að útfæra nánar reglur þar að lútandi.

#### *Útlagður kostnaður.*

Nokkrir sýslumenn hafa vakið athygli á því að oft sé erfiðleikum bundið fyrir hreppstjóra að gera grein fyrir kostnaði er þeir hafa af hreppstjórastarfinu. Í því sambandi hefur símakostnaður einkum verið tilgreindur. Í flestum tilfellum notar hreppstjóri einkasíma sinn í þágu starfsins. Með tilkomu sjálfvirks síma eykst kostnaður vegna notkunar síma innan hrepps. Er oft erfitt að meta kostnað þennan, þar sem símtöl þessi fara ekki í gegnum símtöð og því eigi unnt fyrir hreppstjóra að leggja fram greiðslukvittanir. Annan kostnað er einnig oft óhægt að meta.

Því er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að ákveða hreppstjórum fastan starfskostnað, sem ákveðist sem tiltekið hlutfall af launum viðkomandi hreppstjóra.

Þetta fyrirkomulag á sér a. m. k. eina hliðstæðu í lögum. Samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra er sóknarprestum ákvarðaður skrifstofukostnaður.

#### *Breyting á lögum um hreppstjóra.*

Með vísun til þess sem rakið hefur verið hér að framan er lagt til að núverandi lögum um hreppstjóra verði breytt. Hafa undirritaðir samið frumvarp til laga um breyting á lögum um hreppstjóra nr. 36 26. apríl 1965 er fylgir hér með ásamt greinargerð.

#### *Setning reglugerðar.*

Samkvæmt gildandi lögum er dómsmálaráðherra heimilt að setja í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör. Reglugerð þessi hefur ekki verið sett.

Til glöggvunar er hér dregið á nokkur atriði sem æskilegt væri að kveðið væri nánar á um í reglugerð.

#### *1. Nánari ákvæði um starfsskyldur hreppstjóra.*

Í lögum um hreppstjóra svo og í ýmsum lögum öðrum, svo sem rakið hefur verið hér að framan, eru verkefni hreppstjóra tilgreind. Auk lögboðinna starfa fara hreppstjórar með ýmis umboðsstörf fyrir sýslumenn, sbr. 6. gr. laga um hreppstjóra. Í einstaka tilfellum hefur sýslumaður falið einum hreppstjóra að annast tiltekin umboðsstörf í fleiri hreppum án þess að gengið væri inn á lögbundið starfssvið annars hreppstjóra. Æskilegt væri að nánar væri kveðið á um starfsskyldur hreppstjóra í reglugerð.

#### *2. Samskipti lögreglu og hreppstjóra.*

Meðan hreppstjórar fara með lögregluvald væri e. t. v. rétt að setja nánari reglur um samskipti lögreglumanna og hreppstjóra. Ekki er þó vitað um nein tilfelli þar sem skortur á reglum hér að lútandi hafi valdið árekstrum. Hér er um stjórnunaratríði að ræða sem er í höndum viðkomandi sýslumanns.

### 3. Skipunarbréf, erindisbréf o. fl.

Samkvæmt gildandi ákvæðum skipa sýslumenn hreppstjóra. Lögin tilgreina ekki nánar skipunarform.

Æskilegt væri að tiltaka nánar í reglugerð um skipun svo og undirritun drengskaparheits og útgáfu erindisbréfs fyrir hreppstjóra a. m. k. í þeim tilfellum þar sem hreppstjóra er ætlað að sinna verulegum verkefnum.

### 4. Bækur hreppstjóra.

Tiltaka þarf hvaða bækur hreppstjórar skuli nota. Einnig þarf að ákveða hvernig fari um skil á notuðum bókum og öðrum embættisgögnum.

### 5. Embættistákn.

Í reglugerð um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæslumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæslumanna nr. 145 frá 1946 eru ákvæði um einkennisbúning fyrir hreppstjóra.

Um notkun einkennisfatnaðar segir m. a. í nefndri reglugerð: „Hreppstjórum öllum skal heimilt að bera einkennishúfu. Hreppstjórar í kaптúnunum, sérstaklega þeir sem hafa á hendi afgreiðslu erlendra skipa, skulu bera einkennisbúning við störf sín eftir því sem dómsmálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns.“

Í seinni tíð heyrir það til hreinna undantekninga að hreppstjórar noti umgetin embættistákn.

Þörf er á að taka umgetnar reglur um einkennisfatnað hreppstjóra til endurskoðunar.

### 6. Handbók.

Nokkrir sýslumenn hafa bent á nauðsyn þess að teknar verði saman leiðbeiningar fyrir hreppstjóra um starfsskyldur þeirra, nokkurs konar handbók. Undirritaðir telja hugmynd þessa athyglisverða.

Með framlagningu þessa álits og meðfylgjandi frumvarps ásamt greinargerð, teljum við störfum okkar, samkvæmt skipunarbréfi, lokið.

Reykjavík, 17. apríl 1982.

Porleifur Pálsson.

Rúnar Guðjónsson.